

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 121/1994, um neytendalán.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
 - a. Í stað orðanna „sbr. lög nr. 123/1993“ komi: sbr. lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.
 - b. C-liður falli brott.
 - c. D-liður orðist svo: F-, g- og h-liður falla brott.
2. Við bætist ný grein sem verði 2. gr., svohljóðandi:
 3. gr. laganna orðast svo:

Í samningi um yfirdráttarheimild af tékkareikningi svo og sambærilegum lánessamningi með breytilegum höfuðstól skulu neytanda í upphafi slíkra viðskipta veittar upplýsingar um:

 - a. Hvaða takmörk eru á lánsupphæðinni sé um slíkt að ræða.
 - b. Hverjir vextir eru og hvaða gjöld falli á lánið frá þeim tíma er gengið er frá samningnum, svo og við hvaða skilyrði megi breyta þeim.
 - c. Með hvaða hætti samningi skuli sagt upp.
 - d. Hvort breytingar geti orðið á vöxtum eða umsömdum gjöldum á samningstímanum. Í þeim tilvikum skal neytandi upplýstur um það með hvaða hætti breytingar verða tilkynntar honum. Slíkt má gera með því að vekja sérstaklega athygli á breytingunum í reikningsyfirliti, með auglýsingum í fjölmiðlum eða á annan sambærilegan hátt.
 - e. Árlega hlutfallstölu kostnaðar, sbr. 10.–12. gr., við mismunandi notkun á heimildinni. Árlega skal senda neytanda almennar upplýsingar með dæmum um útreikning kostnaðar samkvæmt þessum lið. Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er heimilt að munnlegri beiðni neytanda að breyta yfirdráttarheimild á tékkareikningi.

Heimilt er að kveða nánar á um framkvæmd upplýsingaskyldu samkvæmt þessari grein í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 13. gr.
3. Við 3. gr. sem verði 4. gr. Orðin „nr. 2/1993“ falli brott.